

### 3. fundur stjórnar

Starfsárið 2024-2025

9. apríl 2024

**Viðstödd eru:** Bjarndís, Hrönn, Jóhannes, Kristmundur, Sveinn, Vera, Daníel (framkvæmdastjóri)

**Fundargerð ritar:** Vera Illugadóttir

**Fundur settur:** 15:09.

#### 1. Yfirferð alþjóðastarfs

Bergrún af skrifstofu kemur á fundinn. Hún og Daníel fara yfir alþjóðastarf sem Samtökin eiga í á ýmsum vettvangi. Stjórn ræðir.

#### 2. Regnbogakort ILGA

Daníel fer yfir stöðu vinnu við næstu uppfærslu regnbogakorts ILGA Europe. Ýmis mál því tengd eru enn óútkljáð milli Samtakanna og ILGA, líkt og Daníel fer yfir. Þeirri vinnu verður áfram haldið.

*Bergrún vikur af fundi.*

#### 3. Hinsegin vottun

Hjalti af skrifstofu kemur á fundinn. Hann fer yfir vinnu sínu við mótun hinsegin vottunar fyrir fyrirtæki og stofnanir. Stjórn ræðir hvort allir vinnustaðir geti sótt um hinsegin vottun eða hvort setja eigi skilyrði um það. Stjórn ákveður að funda sérstaklega um efnið.

*Hjalti vikur af fundi.*

#### 4. Sameiginlegur vinnufundur stjórnar og starfsfólks

Bergrún sendir stjórn tillögu að tímasetningu næsta sameiginlega vinnufunds stjórnar og starfsfólks.

#### 5. Yfirlit fjármála

Daníel færir stjórn uppfærða fjárhagsáætlun árs 2024.

#### 6. Ráðgjafapjónusta

Magnús af skrifstofu kemur á fundinn og fer yfir málefni ráðgjafapjónustu og kostnað við hana. Þjónustan er talsverður hluti útgjalda Samtakanna en nokkuð er um að fólk mæti ekki á bókaða ráðgjafatíma. Búið er að bæta við texta á vefsíðu sem minnir á Regnbogavini Samtakanna. Stjórn ræðir leiðir til að vekja athygli á að hægt sé að greiða fyrir þjónustuna.

#### 7. Ráðning nýs framkvæmdastjóra

Stjórn fer yfir gang mála við ráðningu nýs framkvæmdastjóra.

#### 8. Fundartímar stjórnar

Stjórn kemur til með að ákveða fastan fundartíma með rafrænum hætti á næstunni.

### **9. Fjölskylduviðburður**

Hrönn færir stjórn skilaboð frá aðila sem vill handa hinsegin fjölskylduviðburð í Skautahöllinni og óskar eftir aðkomu Samtakanna að því. Skrifstofa tekur við málinu.

### **10. Samþykkt fundargerðar**

Fundargerð er lesin upp á fundi til samþykktar. Fundargerð er samþykkt.

**Fundi slitið:** 16:55.